

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 156 endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, 17. des. herra amtmaður, dags. 30. okt. þ. á. og þar með fylgjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Raudasandshreppi á úrskurði yðar, dags. 25. septbr. þ. á., sem ákveður, að Þórður nokkur Gunnlaugsson skuli álitast sveitlægur í nefndum hreppi og að hreppurinn skuli endurgjalda Ísafjardarkaupstað það, sem eptir stendur af framfærslu- og sjúkdómslegustyrk, sem þar var veittur Þórði fyrra hluta ársins 1887, skal yður hjer með þjónustusaml. tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að sú ástæða, sem hreppsnefndin í Raudasandshreppi leggur sjerstaka áherzlu á í áfrýjunarskali sínu, að reikningur sá yfir styrkinn til Þórðar, sem er meðal málsskjalanna, og ber fyrirsögnina: »Reikningur til Þórðar Gunnlögssonar yfir nauðsynjar, útvegaðar og afhentar af fátækraefnd Ísafjardarkaupstaðar«, sje stilaður til Þórðar sjálfs en ekki til hreppsins, ekki getur haft neina þýðingu í sjálfu sjer, auk þess, sem upphæð rekningsins er af fjárhagsnefnd kaupstaðarins ávísað 3. okt. 1887 einmitt sem láni til Raudasandshrepps, og með því jeg að öðru leyti verð að fallast á ástæður þær, er úrskurður yðar er á byggður, þá skal tjeður úrskurður í öllum greinum óraskaður standa¹.

1) Úrskurður amtmanns er svo hljóðandi:

»Eptir að bæjarfógetinn á Ísafirði með brjefi, dags. 29. maí 1889, hafði borið undir amtið ágreining milli yðar og sín út af kröfu, sem bæjarstjórnin á Ísafirði hefur gjört á hendur Raudasandshreppi til endurgjalds á fátækrastyrk, veittum Þórði Gunnlaugssyni og hyski hans, að afleifum 213 kr. 84 a., og amtið eptir allmiklar brjefaskriptir um þetta mál hefur meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dagsett 25. maí þ. á., og brjef bæjartógetans á Ísafirði 3. maí þ. á., er svolátandi úrskurður lagður á málið:

Fátækrastyrkur sá, sem spursmál er um, er sumpart fólgin í hjálp þeirri, sem veitt var Þórði Gunnlaugssyni frá 8. jan. 1887 fram í miðjan apríl sama ár, að upphæð 223 kr. 84 aura, sumpart í 100 kr. meðlagi með dóttur Þórðar, Þórdísi, að því er virðist á vistarárinu 1886—87, en upp í þessi framlög eru talðar borgaðar 110 kr. eptir ráðstöfun hreppsnefndarinnar í Raudasandshreppi með brjefi eða ávisun, dags. 12. apríl 1887. Hreppsnefndin hefur eigi að eins mótmælt gildi kröfu þessarar í heild sinni, heldur einnig neitað því, að Þórður Gunnlaugsson væri sveitlægur í Raudasandshreppi og haldið því fram, að hann hefði áunnid sjer sveitfesti í Eyjarhreppi í Ísafjardarsýslu.

Að því leyti, er snertir mótbárana á móti sveitfesti Þórðar í Raudasandshreppi, þá getur hún alls eigi tekizt til greina, þar sem málsskjölin sýna, að hann hvergi hefur áunnid sjer sveit með löglegri dvöl utan fæðingarhrepps síns, Raudasandshrepps.

Að því leyti, er snertir lögsmæti hins veitta fátækrastyrks, þá getur eigi komið til tals, að Raudasandshreppur sje skyldur til að greiða þær 100 kr., sem greiddar hafa verið sem meðlag með barni Þórðar eptir samningi, gjörðum vorid 1886 áður en hann var tekinn til sveitar fyrst á árinu 1887, en þá fór adsjónargjörð fram hjá honum, enda er fúlgan eigi ávisud úr bæjarsjóði kaupstaðarins tyrr en 14. apríl 1888, og hafi hún átt að ná frá því á vorinu 1886 til þess á vorinu 1887, sem eigi sjest, þá fellur að eins nokkur hluti hennar til eptir 8. janúar 1887, er Þórður var tekinn til sveitar. — Þegar aptur á móti vikur að styrk þeim, sem veittur var Þórði frá 8. jan. 1887, þá er hann að álita löglega veittan, þar sem það fyllilega er sannað, að Þórður, sem ásamt konu sinni og tveim börnum þeirra lágu veik af taugaveiki, þurfti hans með, en með því bæjarfógetinn á Ísafirði eigi tilkynnti sýslumann-

157 **Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um heimsending útlanda skipbrots-**
 20. des. **mannna.** (Ágrip) — Með brjefi þessu var lagt fyrir báða amtmenn, að leiða á ný athygli lögreglustjórnanna að brjefi landshöfðingja, dags. 10. ágúst 1894, svo hljóðandi:

Út af því, að skipshöfn, sem strandað hafði við Ísland, hafði tekið far með einu af skipum hins sameinaða gufuskipafjelags, án þess að skipstjóra væri áður með brjefi frá hlutadeigandi sýslumanni eða á annan hátt gjört aðvart um, að ferðin ætti að borgast af ríkissjóði, og þá eptir taksta þeim, sem settur er í tilskip. 17. maí 1893, hefur athygli utanríkisstjórnar ríkisins leiðst að því, að æskilegt sje, að sýslumönnum á Íslandi sje bæði að því er þetta atríði snertir og yfir höfuð gefnar nánari fyrirskipanir um, hvað ætlazt er til að þeir gjöri, þeg-

num í Barðastrandarsýslu, að byrjad væri að veita Þórði og hyski hans styrk, fyr en með brjefi, dags. 26. maí 1888, þá hefur talsverður dráttur á tilkynningunni átt sjer stað, sem ætti að hafa þá afleiðing, að Ísafjardarkaupstaður hefði fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds á framlögum sínum, ef þær sjerstöku kringumstæður eigi væru fyrir hendi, sem rjettlættu drátt þennan. Þótt nú svo sje, að Þórður Gunnlaugsson hafi haft reikning Ísafjardarkaupstaðar með sjer, þegar hann kom heim í Raudasandshrepp sumarið eða vorid 1887, þá rjettlættu þetta að vísu eigi dráttinn, en öðru máli er að gegna um hið fyr áminnsta brjef eða ávísun 12 apríl 1887. Að vísu hefur þetta brjef glatazt á Ísafirði. og skjöl og bækur hreppsnefndarinnar í Raudasandshreppi hata farizt í eldsvöða á vetinum 1892, svo eigi hefur orðið uppvist innihald brjefsins, en af því leiddi samt það, að Ísafjardarkaupstað greiddust 110 kr. frá Raudasandshreppi, og í brjefi nefndarinnar 20. nóvbr. 1888, til yðar, er eigi annað að sjá, en að hreppsnefndin álti þessar 110 kr. greiddar upp í kiöfu kaupstaðarins út af framfærslu Þórðar. Nefndin fer svo að vísu að hreifa því í brjefi sínu til yðar, 22. jan. 1890, að fá þessar 110 kr. enduborgaðar, og krefst þess svo beinlinis í brjefi sínu til yðar, 16. apríl 1890, en í því brjefi færir nefndin eigi til aðrar ástæður en þær, að það sje helzt að álíta, að nefndin hafi með ávísun sinni meint, að þessar 110 kr. ættu að geymast í bæjarsjóði Ísafjardarkaupstaðar, í stað þess að borga með þeim skuld Þórðar Gunnlaugssonar, þótt ávísunin kunní að hafa verið stíluð á þá leið, enda játar nefndin, að sjer áður hafi alls eigi verið ókunnugt um ástæður Þórðar, þótt hvorki tilkynning um veikindi hans nje reikningur yfir veittan styrk væri kominn. Loksins segir svo hreppsnefndin í brjefi sínu 13. maí þ. á., að hún muni 12. apríl 1887 hafa ráðgjört, að optneindar 110 kr. skyldu ganga upp í hinn veitta sveitarstyrk ef Þórður væri sveitlægur í Raudasandshreppi, en að hann sje það, er alveg efalaust mál, og mótmæli nefndarinnar í nefndu brjefi hjer að lútandi þýðingarlaus.

Amtid getur því eigi komizt að annari niðurstöðu, en að greiðsla þessara 110 kr. og játning hreppsnefndarinnar gjöri það að verkum, að drátturinn á hinni formlegu tilkynningu geti eigi svipt Ísafjardarkaupstað rjetti til endurgjalds á framlögum hans með Þórði Gunnlaugssyni og hyski hans á tímabilinu frá 8. jan. til 16. apríl 1887, og þótt finna megi að ýmsum þeim veitingum, sem taldar eru í reikningi Ísafjardarkaupstaðar yfir hinn veitta sveitarstyrk, undir almennum kringumstæðum, þá fær amtid eigi betur sjeð, en að vottorð hjerads-læknisins á Ísafirði, sem fylgir með málinu, sýni, að ónaudsynlegur styrkur hafi eigi verið veittur eða of mikill eptir ástandinu á heimili Þórðar.

Samkvæmt framanrituðu er því hjer með úrskuað, að Þórður Gunnlaugsson sje sveitlægur í Raudasandshreppi og að hreppurinn skuli endurgjalda Ísafjardarkaupstað það, sem eptir stendur af framfærslu og sjúkdómslegustyrk þeim, sem veittur var Þórði á tyrra hluta ársins 1887, 113 kr. 84 a.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta, yður til leiðbeiningar og bitingar yfir hreppsnefndinni í Raudasandshreppi, skal jeg skoða á yður, að annast um, að hreppsnefndin greiði þessa upphæð sem fyrst.